

## Atvinnuveganefnd Alþingis

### Þórarinn Ingi Pétursson formaður

15. febrúar 2024

Umsógn við frumvarp um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).  
Mál nr. 521/2024

Undirritaður hefur stundað grásleppuveiðar í tugi ára í eigin útgerð ásamt föður mínum og þar á undan á bátum sem faðir minn átti er hann stundaði þessar veiðar í tugi ára þar á undan.

Þær veiðar höfum við bæði stundað nærri æskustöðvunum í Húnaflóa og einnig í Faxaflóa þar sem ég bý í dag.

Það hefðu hvorki ég eða faðir minn getað gert hefði kvótasetning grásleppu átt sér stað fyrir 1996 þegar við höfum útgerð saman.

Það frumvarp sem nú liggur fyrir verður að mínu mati stórslys verði það að lögum.

Kvótasetning fiskistofna við strendur landsins hefur í flestum tilfellum verið vegna þess að fiskistofninn er talinn í hættu, þá oftast vegna ofveiði og að stjórna þurfi sókn í viðkomandi fiskistofn. Í þessu tilfelli er það ekki málið.

Engin mæling er til um stærð þessa stofns sem syndir um allt N-Atlantshafið og það eru skiptar skoðanir um hvort fiskurinn er botnfiskur eða uppsjávarfiskur svo lítið er vitað um hann þrátt fyrir að við höfum veitt þessa fisktegund og selt afurðir hennar síðan 1946.

Í fyrstu veiddu bændur sem nýttu netlagnir sinna sjávarjarða, sóttu á litlum opnum skektum og verkuðu þeir sjálfir hrognin og fiskinn að hluta. Seinna voru gefin út leyfi og reglur um net og veiðidaga ákveðin í samráði við samtök veiðimanna eins og Landssamband Smábátæigenda og annara samtaka í N-Atlantshafi.

Hafrannsóknarstofnun hóf að gefa út aflamark í grásleppu hér við land frá áriunu 2011 en það hafa þeir gert og tekið mið af veiðihlutfalli grásleppu í botntroll við mælingar á fiskistofnum botnfiska í svokölluðu veiðiralli Hafró. Aðrar mælingar á stærð þessa veiðistofns eru ekki til og því ekki hægt að meta eða segja til um stofnstærð grásleppu eða stofn Hrognkelsis.

Verndun fiskistofnsins er því ekki málið í þessu tilfelli.

Þrýstingur frá leyfishöfum sem hafa góða viðmiðun veiðiáranna er stærsta ástæðan fyrir kvótasetningunni.

Kvótsetningin eins og hún er sett upp er alger steypa. Að ætla að binda kvótann niður á landssvæði hlýtur að varða við lög og brot á jafnræðisreglum enda strax komin undanþága í frumvarpið á því í vissum tilfellum.

Kvótasetning grásleppu felur í sér veiðiskyldu og á kvótalausum bátum getur það sett marga í slæma stöðu ef þeir ákveða að veiða ekki vegna ýmissa ástæðna. Þá getur aflahlutdeild verið gerð upptæk.

Ef veiðimenn ákveða að veiða en veiðireynslan er lítil þá þurfa menn að leigja af öðrum og ekki mun það minnka kostnað við veiðarnar sem er nú nægur fyrir og verð hefur verið lágt á afurðum síðastliðin ár.

Verði þessi kvótasetning að lögum munu örfáir aðilar eignast allar aflaheimildir í gegnum margar eignarheimildir og grásleppa verður veidd á nokkrum stórum og öflugum bátum, því engar takmarkanir verða á stærð báta, möskvastærð neta, netafjölda eða fjölda daga.

Það er hægt að stýra veiðunum áfram með takmörkunum eins og verið hefur hingað til með öðrum hætti og það hefur marg oft verið bent á það en það fellur ekki í kramið hjá sumum.

Ég vil biðja ykkur að hafna þessum frumvarpi og þessum ólögum fyrir komandi kynslóðir hafi þær þá vilja og getu til þess að veiða ókvótasetta grásleppu um ókomna tíð.

Fyrir hönd Smábátafélagsins Reykjaness

(sem hafnaði alfarið kvótasetningu á grásleppu á aðalfundi sínum)

Halldór Ármannsson formaður.